



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

6. stjórnarfundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 9:00 mánudaginn 15. janúar 2018 í Fjölheimum á Selfossi.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Elfa Dögg Þórðardóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sólrún Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll boðuðu:

Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefni síðastliðinna mánaða
- Verkefni framundan
- Önnur mál

[Verkefni síðastliðna mánuði](#)

Samstarf markaðsstofa landshlutanna (MAS)

- Framundan er annar af stóru viðburðunum sem Markaðsstofurnar standa fyrir, Mannamót. Viðburðurinn er haldinn 18. janúar í flugskýli Flugfélagsins Ernir. Undirbúningur er á lokametrunum, metaðsókn sýnenda og mikill áhugi hjá gestum.
- Fjármögnun og samningar við Ferðamálastofu búnir að taka mikinn tíma undanfarið og er ekki enn lokið. Fundur með nýjum Ferðamálastjóra áætlaður í vikunni, daginn fyrir Mannamót.

- Verið að fara í önnur verkefni af krafti, s.s. heimasíður, smáforrit (APP), landshlutabækling, haustráðstefnu, sýningar erlendis og ýmis hagsmunamál.

Verkefni með SASS

Áframhaldandi vinna var í teyllum og einstaka verkefnum. Samningur við SASS verður að öllum líkindum óbreyttur á þessu ári. Framkvæmdastjóri hefur ítrekað mikilvægi þess að hugað verði að verkefnum sem tengjast ferðamálu áfram á þessum vettvangi. Starfandi verður ferðamálateymi með starfsmönnum MSS og sviðsstjóra.

Stoðþjónusta upplýsingaveitu

Lokaskýrslu um forgangsverkefni stoðþjónustu upplýsingaveitu um öryggismál 2017 verður skilað í lok janúar. MSS ásamt Safetravel og Höfuðborgarstofu unnu að öryggishluta verkefnisins. Undanfarið hefur verið unnið að því að greina gögn af fundum sem haldnir hafa verið um allt land, funda með fyrirtæki um hvernig hægt er að vinna að öryggi ferðamanna á ýmsum sviðum innan þess (s.s. í ferðum, með fræðslu til starfmanna, í sölu og markaðssetningu, á heimasíðu og svo framvegis), funda með Ferðamálastofu ásamt því að vinna að lokaskýrslu.

Áfangastaðaaætlun DMP

Vinna við áfangastaðaaætlun Suðurlands er búin að vera í fullum gangi. Fundir með vinnuhópum voru haldnir og í kjölfarið verið að vinna úr gögnum. Einnig áttu verkefnastjórar fundi með nokkrum sveitarstjórum og -stjórnnum. Byrjað var að undirbúa samþykktarferli fyrir sveitarstjórnir sem verður kynnt fyrir sveitarfélögum á nýju ári.

Samstarfshópur um ferðamál

Fundur samstarfshóps um ferðamál var haldinn 11. janúar sl. þar sem farið var yfir verkefni og áherslur á þessu ári. Markmiðið er að vinna að því að auka skilning á hlutverki hópsins og vægi hans innan svæðis. Rætt var um heiti á hópinn og var niðurstaðan „Faghópur sveitarfélaga um ferðþjónustu“. Innan nýrra samninga við sveitarfélög er að tilnefndur fulltrúi sveitarfélagsins sitji í faghópnum. Það er á hendi tengiliða sveitarfélaga að upplýsa sitt bakland um MSS og verkefni hópsins. Næsti fundur fyrirhugaður í mars.

Vefmál, blaðamenn og fyrirspurnir

Þó nokkuð hefur verið um blaðamannafyrirspurnir undanfarið. Bandaríska sjónvarpsstöðin CBS kom á Suðurland í síðustu viku og var gott samtarf við Íslandsstofu og erlendu PR stofuna um heimsóknina. Í desember var haldinn fundur (speed date form) með PR stofunum og Íslandsstofu sem Dagný og Þorsteinn sóttu. Viljum efla samstarfið við PR stofurnar enn frekar og senda til þeirra í auknum mæli efni um málefni sem snerta Suðurland.

Sýningar og viðburðir

- Undirbúningur er hafinn fyrir Mid-Atlantic þar sem Suðurland verður með fjórfaldan bás eins og undanfarið. Útlit verður með sama móti og standa fundabókanir yfir. Sendum inn tillögu að

þremur ferðum í tenglum við Mid-Atlantic og var ein valin í hóp ferða sem í boði eru fyrir þátttakendur. Lagt er til að útlit bássins verði endurskoðað í haust fyrir Vestnorden sem haldin verður á Akureyri. Tökum það samtál við faghópinn og skoðum hvernig við viljum haga fyrirkomulagi þar. Þá eru einnig í skoðun ferðir í tenglum við Vestnorden í haust.

- Undirbúningur er einnig hafinn fyrir ITB Berlín sem framkvæmdastjóri sækir í mars.
- Ekki náðist þátttaka í FAM ferð sem var búin að vera í undirbúningi í tengslum við Mannamót. Endurskipuleggja þarf áherslur og úrfærslur í sambandi við slíkar ferðir og þá í tengslum við markaðsgreiningu og staðsetningu Suðurlands í líftímakúrfu áfangastaða. Lagt er til að vinna 1-2 FAM ferðir á ári með Íslandsstofu (ef gagnkvæmur vilji er fyrir hendi), efla íslensku FAM ferðirnar fyrir starfsfólk innlendra ferðaskrifstofa og beina athyglinni í auknum mæli á áhrifavalda. Í þessari vinnu þarf að huga að því að byggja undir ímynd og gæði áfangastaðarins.

Íslandsstofa

Áfram hefur verið unnið með Íslandsstofu í nýjustu vegferðinni A-Ö, höfum stutt við eins og kostur er. Næst á dagskrá er sýning í Berlín í mars og samtál um FAM ferðir.

Samfélagsmiðlar

MSS er nýbyrjuð í samstarfi við auglýsingastofuna Sahara um samfélagsmiðla og hefur það gengið vel. Færslur hafa verið flottar og komin í loftið bloggfærsla um íslenska hestinn.

Kort

Eftir svolítið hlé á kortavinnu þá er kortið af Ríki Vatnajökuls (austursvæði) komið í prentun og verður tilbúið fyrir Mid-Atlantic. Kortið af Kötlu jarðvangi og Vestmannaeyjum er á lokametrunum og verður væntanlega klárt á næstu vikum.

Endurnýjun samninga við sveitarfélög

Þrjú sveitarfélög hafa ekki gengið frá endurnýjun samnings við MSS, en er í ferli. Þá eru fyrirhugaðir kynningafundir hjá Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Ölfusi. Um áramót kom Vestmannaeyjabær svo í samstarf við MSS í gegnum Ferðamálasamtök Vestmannaeyja.

Aðildarfyrirtæki

Þó nokkrir nýir ferðaþjónustuaðilar hafa verið að koma til liðs við MSS á undanförunum misserum. Undanfarin ár hefur útgáfa landshlutabæklings og þátttaka á Mannamóti verið helstu tímamarkarnir sem fyrirtæki eru koma inn í samstarfið. Sú þróun hefur orðið að fyrirtæki eru að koma nokkuð jafnt og þétt inn yfir árið.

Verkefni framundan

Fjármögnun, fjárhagsáætlun og samningar vegna 2018

Grunnsamningur við Ferðamálastofu nánast í höfn en unnið hefur verið að breytingum á þeim samning frá því frá í haust. Enn er óvissa með framhald og fjármögnun annarra verkefna, svo sem verkefni um stoðþjónustu upplýsingaveitu. Skoða þarf fjölda stöðugilda hjá MSS eftir að vinnu við áfangastaðaáætlun DMP klárast formlega. Einnig verður gengið frá samningum við SASS um ráðgjöf og verkefni á næstunni. Þá verður gengið frá þeim samningum sem eftir standa við sveitarfélögin og eru framundan kynningar á starfseminni fyrir tvö þeirra. Nýr Ferðamálastjóri hefur óskað eftir að koma á fund stjórnar MSS, framkvæmdastjóri sendir tillögur að dagsetningu. Starfsáætlun 2018 verður kláruð þegar fjármögnun liggur fyrir.

Sýningar

- Viðburðurinn **Mannamót** fer fram næstkomandi fimmtudag en hann er samstarfsverkefni Markaðsstofa landshlutanna. MSS sér m.a. um skipulag sýningarsvæðis ásamt fleiru. Met þátttaka er bæði meðal sýnenda og gesta.
- **Mid-Atlantic** verður haldið síðustu helgina í janúar og er stefnt á ferð í kjölfarið ef næg þátttaka fæst.
- Framkvæmdastjóri er skráð til þátttöku á **ITB Berlín** með Íslandsstofu í byrjun mars. Skoðað verður seinna hvort aðrar sýningar eða vinnustofur verða sóttar í haust, en það helst í hendur við fjármögnun ársins.

Stoðþjónusta upplýsingaveitu

Lokaskýrslu um forgangsverkefni stoðþjónustu upplýsingaveitu um öryggismál 2017 verður skilað í lok janúar. MSS ásamt Safetravel og Höfuðborgarstofu unnu að öryggishluta verkefnisins. Hópurinn hefur gert tillögu að verkefnum á þessu sviði fyrir árið 2018 en sá hluti er enn ófjármagnaður að hálfu hins opinbera. Kemur vonandi í ljós á næstu vikum hvert framhaldið verður.

Áfangastaðaáætlanir DMP

Unnið er áfram af fullum krafti að þessu verkefni, áætluð skil í lok apríl og verkefnastjórar í fullu starfshlutfalli þangað til. Framundan eru opnir íbúafundir um allt svæði. Einnig er verið að skipuleggja svæðisfundi á hverju aðgerðaáætlunarsvæði fyrir kjörna fulltrúa og verður fyrsti fundur haldinn 17. janúar í uppsveitum Árnessýslu. Mikilvægt er að kynna verkefnið vel fyrir sveitarstjórnarfólki og sem og íbúum. Verkefnastjórar í samstarfi við svæðisráð DMP á Suðurlandi eru að vinna í erindi til sveitarfélaganna um samþykktarferli fyrir áfangastaðaáætlanir.

Verkefni SASS

- Áfram unnið í teyllum sem og öðrum verkefnum sem starfsmenn MSS koma að.
- Framkvæmdastjóri stefnir á að auglýsa viðvera MSS og SASS á Kirkjubæjarklaustri, Vík og Vestmannaeyjum.

Vefmál, blaðamannafyrirspurnir og samfélagsmiðlar

- Vinna heldur áfram við vinnu og efnissköpun út frá markaðsáherslum.
- Verið er að skipuleggja blaðamannaferð í febrúar í tengslum við LTG verðlaunin.
- Verið að vinna sveitarfélagasíður fyrir Hveragerði og Rangárþing ytra.

Árshátíð, ársfundur og málþing

Eins og í fyrra verður árshátíð, aðalfundur MSS og málþing haldið á einum degi í vor. Búið er að ákveða dagsetningu og verður gleðin haldin 13. apríl. Staðsetning verður kynnt síðar.

Önnur mál

- **Fjármál** (Ragnhildur viku af fundi)
 - Fjárhagsáætlun

Rætt var um starfsárið 2018, fjármögnun og möguleg stöðugildi í framhaldi af því sem og launamál starfsmanna. Ekki liggur ljóst fyrir hver endanleg fjármögnun ársins er/verður, en ákveðið var að miða umfang starfseminnar út frá þeim forsendum þegar þær liggja ljósar fyrir.

- BRÚ lífeyrissjóður

MSS barst tæplega 4 milljón króna rukkun frá Lífeyrissjóðunum Brú vegna réttinda fyrrverandi og núverandi starfsmanna. Felldar voru niður rúmlega 3 milljónir af þessum 4 þar sem sá hluti kröfunnar reyndist ekki réttur. Framkvæmdastjóra falið að leita eftir ráðgjöf til að kanna sannarlegt réttmæti krafanna.

- Framkvæmdastjóra falið að ganga á eftir því að loka samningum við sveitarfélög og Ferðamálastofu vegna þessa starfsárs.

Fundi slitið 11:30